

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Hornafirði, 23. október 2019
nr. erindis 201910094 MÁ

Málefni: Umsögn um Samgönguáætlun 2020-2034 og aðgerðaráætlun 2020-2024.

Sveitarfélagið Hornafjörður fagnar framkominni samgönguáætlun. Áætlunin er vönduð og lögð fram með metnaðarfullri framtíðarsýn og meginmarkmiðum:

- „Þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins“.
- „Sjálfbærar byggðir og sveitarfélög um land allt“.

Þessi markmið stuðla að þörfum samfélagsins og ýtir undir fjölbreytta byggð um allt land. Einnig á að taka tillit til óska sveitastjórna og sóknaráætlana landshluta sem er jákvætt og reynt að tryggja sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu. Í samgönguáætlun er öryggi farþega og notanda í hávegum haft og er það metnaðarfullt markmið.

Sérstaklega er tekið eftir markmiði 2.5. um jákvæða byggðapróun

Stefnt verði að því að auka lífsgæði um land allt með bættem samgöngum og styrkja þann grunn sem nauðsynlegur er til að efla fjölbreytta atvinnu og bæta samkeppnishæfni, svo sem með betri aðgangi að þjónustu.

Áherslur til að ná þessum markmiðum:

- 2.5.1 Leitast verði við að styrkja samgöngur þannig að sem flestum landsmönnum sé kleift að nálgast nauðsynlega opinbera þjónustu á sem stystum tíma.
- 2.5.2 Unnið verði að styttingu ferðatíma innan vinnu- og skólasóknarsvæða.
- 2.5.3 Framkvæmdir og þjónusta samgöngukerfisins miði að því að auka öryggi og styrkja vinnu- og skólasóknarsvæði.
- 2.5.4 Mótuð verði stefna um vegi sem aðallega þjóna ferðamönnum.

Sveitarfélagið Hornafjörður er víðfermt og vegalengdir langar. Ferðamannastraumur hefur verið mikill og vaxandi undanfarin ár þó hægt hafi á aukningunni. Ferðamannatíminn hefur einnig lengst sem er vel en til að svo geti þróast áfram er mikilvægt að tryggja öryggi ferðamanna á vegum yfir allt árið. Ferðamenn aka ekki eingöngu á þjóðvegum heldur einnig að áhugaverðum náttúruperlum m.a. innan stærsta þjóðgarðs á Íslandi, Vatnajökulsþjóðgarðs, þangað sem vegir eru oft á tíðum í slæmu ástandi.

Á samgönguáætlun fyrir sveitarfélagið í vegagerð er vegur um Hornafjarðarfljót á fyrsta tímabili. Þar er áætlað að leita samstarfs við einkaaðila um fjármögnun og að greidd verði veggjöld fyrir akstur yfir veginn. Íbúar eru ekki allir sáttir við þessa leið enda hefur vegurinn verið á áætlun í mörg ár og var lofað við sameiningu sveitarfélaga 1994-1995 en framkvæmdum ítrekað verið frestað. Bæjarstjórn er

fylgjandi því að framkvæmd yfir Hornafjarðarfljót verði flýtt með þessari leið svo lengi sem veggjöld verði höfð í lágmarki. Þessu fylgir þó sú áhætta að alþingi samþykki ekki þessa fjármögnunarleið því verður að tryggja framkvæmdinni fjármagn verði frumvarpið ekki samþykkt. Framkvæmdin mun styrkja vinnusóknarsvæði í sveitarfélaginu þar sem margir sæki vinnu og skóla í þéttbýlið og vinnu frá Höfn í dreifbýlið s.s. Vatnajökulsþjóðgarð. Þess ber þó að geta að í samgönguáætlun eru tvær aðrar veglínur á áætlun á leiðinni Hornafjörður - Reykjavík sem eru fjármagnaðar með þessum hætti, um Reynisfjall og Ölfusá. Það er því ítrekað að veggjöld þurfa að vera í lágmarki til að tryggja jafnræði íbúa óháð búsetu.

Sveitarfélagið fagnar fækkun einbreiðra brúa bæði í austur og vestur Skaftafellssýslum sem kemur fram í áætluninni og með því eykst öryggi vegfarenda. Það er enn svo víða í sveitarfélaginu að vegir eru mjóir og vegaxlir engar. Ekki er að sjá að samgönguáætlun taki á slíku með lagningu nýrra vega. Það er því mikilvægt að leita leiða til að breikka vegi þar sem ekki liggur fyrir áætlun um nýlagningu.

Því ber einnig að fagna að sjá áform um veg um Lón, þar sem um 4 km styttingu er að ræða og fækkun um 6 einbreiðar brýr ásamt áformum um nýjan veg um Lónsheiði, hugsanlega leyst með vegskálum. Einnig ber að fagna lagningu vegar Morsá-Kotá, 5 km stytting og fækkun um 3 einbreiðar brýr. Það þarf þó að skoða í samvinnu við sveitarfélagið hvort hentugra geti verið að fara aðra veglínu til að draga úr hættu vegna vondra hvassviðra og einnig til að meta áhrif náttúruhamfara á nýja veglínu.

Flutningsleiðir liggja um þjóðveg á Suðurlandi. Umferð flutningabíla er mikil, það er því mikilvægt að vegir hafi nægilegt burðarþol allt árið, breidd verði næg og þeir lagðir bundnu slitlagi. Samkvæmt samgönguáætlun þá er markmið um uppbyggingu flutningaleiða er að þjóna atvinnulífinu á viðunandi hátt og stuðla að auknu umferðaröryggi. Í þessu samhengi ber einnig að hafa í huga að umferð ferðamanna allt árið um kring er mjög mikil og slysátíðni hefur verið að aukast. Það er því mjög mikilvægt að halda uppi öflugri vetrarþjónustu alla leið til Hafnar í Hornafirði.

Ferðumst saman og flugstefna: Sveitarfélagið sendi inn athugasemdir varðandi skýrsluna þegar hún var gefin út. Það er hér með ítrekað að tryggja rekstur innanlandsflugs með ákveðnum hætti. Flugfargjöld eru allt of há svo almenningur geti nýtt sér. Í drögunum er lagt fram markmið um fjölgun innanlandsfarþega en leiðir til að ná því markmiði eru ómarkvissar. Í flugstefnunni kemur fram og því ber að fagnaað tryggja þurfi innanlandsflug m.a. með kostnaðarþáttöku ríkisins í farþegagjöldum íbúa. Niðurgreiðsla ríkisins þarf að lækka verð til íbúa skilgreindra svæða en gæta þarf þess að flugfargjöld til annarra aðila s.s. fyrirtækja, stofnana og ferðamanna hækki ekki umfram það sem nú er. Einnig er lagt fram það markmið að stutt verði við flugsamgöngur í samræmi við markmið um 3,5 klst. samþættan ferðatíma til höfuðborgarsvæðisins. Flugsamgöngur eru eina samgönguleiðin sem nær þessu markmiði fyrir íbúa í Sveitarfélaginu Hornafirði. Bæjarstjórn leggur ríka áherslu á að miðstöð samganga verði í Reykjavík.

Hornfirðingar hafa lengi barist fyrir því að heimilar verði lendingar, lítilla til milli stórra flugvéla. Aðstæður eru til staðar og lítið þarf til að svo geti orðið. Við höldum því áfram að leggja áherslu á það bæði til að styrkja ferðarþjónustu á svæðinu og auka öryggi flugfarenda sem koma til og fara frá landinu.

Hornafjarðarhöfn: Bæjarstjórn fagnar því að sandfangari við Grynnslin um Hornafjarðarós sé settur á áætlun á næsta ári. Fjármögnun hans er skilgreind eins og um nýframkvæmd sé að ræða með kostnaðarhlutdeild 60/40. Hafnarstjórn ásamt bæjastjórn gerir kröfu um að þessi kostnaðarskipting sé endurskoðuð. Í samgönguáætlun kemur fram að sandfangarinn verður

byggður við varnargarðinn á Suðurfjörum og efni úr honum m.a. notað við gerð hans. Þetta eru því endurbætur á núverandi varnargarði til að tryggja að ekki berist sandur inn í innsiglingarleiðina. Innsiglingin um Hornafjarðarós er erfið og á þessu landshorni eru öflug áhrif loftslagsbreytinga þar sem landið er að rísa í stað hækkandi sjávarstöðu. Sjávarútvegur er grunnstoð samfélagsins í atvinnulífi og því gríðarlega mikilvægt að tryggja að höfnin og innsiglingin uppfylli öryggiskröfur með þeim aðgerðum sem þarf til þess að svo geti orðið s.s. reglulegri dýpkun og áframhaldandi rannsóknum á Grynslunum.

Virðingarfyllst

*Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar*